



Umsögn skipulags

Vegna: Álhelli 11

Fyrirspurn um fjölgun 2 innkeyrslna á lóð


Staðsetning:



Af kortavefnum



Hluti deiliskipulags



Fyrirspurnin

Skipulagsleg staða: Í gildi er deiliskipulag Kapelluhrauns 2. áfanga.

Forsaga málsins: Borist hefur fyrirspurn frá Valgeiri Berg Steindórssyni þess efnis að fjölga innkeyrslustútum á lóð Álhelli 11, úr tveimur í fjóra skv. meðfylgjandi tillögu. Það kemur fram í umsókninni að þegar hefur verið gefið leyfi fyrir breytingum á innkeyrslu á lóð nr. Álhelli 9.

Umsögn: Álhella 11 tilheyrir deiliskipulagi fyrir Kapelluhraun 2 og hefur það gengið í gegnum nokkrar breytingar þar á meðal vegna færslu á innkeyrslum t.d. eins og fyrir Álhelli 1, 5, 7 og 9.

Erindið var borið undir framkvæmda- og rekstardeild þar sem ekki voru gerðar athugasemdir vegna færslu á innkeyrslu að því gefnu að hún haldi breidd sinni.

Niðurstaða: Skv. framangreindu er tekið jákvætt í fyrirspurnina en hún kallar á breytingu á deiliskipulagi sem mun þá fá málsmeðferð eins og skipulagslög kveða á um.

Bent er á að breyting á deiliskipulagi er gerð á kostnað lóðarhafa. Breytinguna þarf að vinna í samráði við verkefnisstjóra hjá skipulagsfulltrúa og sækja formlega um hana í gegnum „Mínar síður“ á vef bæjarins. Ef til kemur færsla á götugögnum og lögnum vegna breytingarinnar þá fellur sá kostnaður á lóðarhafa.

F.h. skipulagsfulltrúa
Berglind Guðmundsdóttir
Verkefnastjóri umhverfis- og skipulagssviðs